

Outi Heiskanen

Myndlist

Valtýr Pétursson

Í Norræna húsinu hefur finnska listakonan Outi Heiskanen komið fyrir sýningu á grafíkverkum sínum, sem eru aðallega satingar sem felldar eru á nokkuð sérstakan hátt að sýningarrýmiinu bæði í anddyri og í bókasafninu.

Heiskanen er okkur að góðu kunn sem grafiker. Hún hefur áður verið á ferð með verk sín í Norræna húsinu og í Gallerí Langbrók. Ennfremur var hún ein af þeim, sem þátt tóku í grafíkhátíðinni á Kjarvalsstöðum, Graphica Atlantica, á sínum tíma. Af þessu má sjá, að hún er nokkuð hagvön hér í borg, ef svo mætti að orði kveða. Sú sýning, sem nú er á ferðinni, er mjög framúrsteftuleg í allri uppsetningu og hefur listakonan byggt eftirlíkingu af ísjaka á miðju sýningarsvæðinu og á ísjakann er síðan þrykkt satingum. Aðeins einstaka myndir hanga á veggjum, svo að ísjakinn hlýtur að vera hugsaður

sem þungamiðja þess, sem sýnt er. Í bókasafni eru svo myndraðir, sem kallast grunnflötur ísjakans og þverskurður ísjakans. Ég skal fúslega játa, að mér er ekki ljóst, hvert listakonan er að fara með slíku fyrirkomulagi, en það hljóta að vera gildar ástæður fyrir slíkri uppákomu frá hendi jafn reyndrar listakonu. Um satingar Heiskanen er ekkert nema gott að segja. Þær eru kunnáttulega gerðar, sumar unnar á handgerðan japanskan pappír, aðrar á 1000 ára handgerðan pappír frá Víetnam. Af þessu má sjá að mjög er vandað til verks og ekki meir um það.


Það er ætíð nokkurt gaman að því að skoða óvenjulega hluti og ekki hvað sízt, þegar myndlist á í hlut. Áhorfandinn á það jafnan á hættu, að verið sé að gera svoltið gys að honum og listamenn eiga það til að bregða á glens, eins og hér virðist á ferð. Það er hressilegt að sjá þessa nýstárlegu uppsetningu á grafík-sýningu og aðalatriðið að skemmta sér sem best.

KRISTJÁN STEINGRÍMUR

Í Vestursalnum á Kjarvalsstöðum hefur Kristján Steingrímur Jónsson efnt til sýningar á nýjum verkum sínum.

Kristján Steingrímur er nýkominn frá framhaldsnámi í Þýzkalandi, nánar til tekið frá listaskóla í Hamborg. Hann stundaði nám hér heima á órölegu árunum, ef svo má til orða taka, og er hann tók þátt í sýningu hér síðast með nokkrum vinum sínum báru verk hans nokkuð annan svip en nú er. Þetta sannar, að hann hefur fellt sig að nokkrum aga hjá þeim þýzku, og árangurinn er eftir því. Sérstaklega er það eftirtektarvert, hve mjög Kristján Steingrímur þreifir fyrir sér á nýjum slóðum, hvað stíl snertir. Mætti segja mér, að hér væri einkum um þýzk áhrif að ræða, og ekkert eðlilegra. En stíll í myndgerð er hinn margvíslegasti og breytist oft í takt við þá tízku, sem drottnar í augnablikinu.

Það fyrsta, sem blasir við á sýningu Kristjáns Steingríms, er myndrænn frískleiki og leit listamannsins í margar áttir. Hann þreifir fyrir sér hér og þar og gerir margar tilraunir. Í þessu umróti eru afar hressilegir sprettir, sem gefa góða hugmynd um þá hæfileika, sem í þessum unga



Eftirþanki, 1987.

manni búa. Hann hefur þegar þróað með sér nokkuð sjálfstæða litameðferð, sem honum tekst stundum að koma til skila með þeim ágætum, að maður sannfærast um tilgang verksins. Formið aftur á móti er ekki eins ákveðið í verkum Kristjáns Steingríms. Enda þótt hann tefli því fram af dirfsku og nokkru öryggi vantar svolitla hnitmiðun á köflum. Þetta eru engar stórar yfirsjónir, en algengar hjá byrjendum í faginu. Það er skoðun mín, að slíkt muni breytast í verkum Kristjáns Steingríms á komandi tímum og að það öryggi, sem felst í verkum hans nú, eigi eftir að taka á sig enn sterkari svip þegar hann hefur öðlast meiri reynslu og þroska.

Það kennir margra grasa í þeim 29 olíumálverkum, sem eru á þessari sýningu, og ekki eru grafíkmyndirnar og akrýlmyndirnar síðri. Í heild er þetta mjög snotur sýning og rit það, sem Kristján Steingrímur hefur gert með myndum af verk-

um sínum, er honum til mikils sóma. Sem sagt — eftirtektarverð sýning sem er full af góðum áformum, gerð af miklum dugnaði og lofar góðu.

